

Umræðuhópar

á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010

Hópur 1: Lýðræðið í breyttu umhverfi

Bankahrúnið og efnahagskreppan hafa haft í för með sér samfélagshræingar sem eiga sér ekki hliðstæðu í sögu lýðveldisins. Enn er ekki séð fyrir endann á þeim og fræðimenn eiga eftir að skoða og meta afleiðingarnar. Það liggur þó alveg ljóst fyrir að tiltrú almennings á stjórnvöldum og stjórnámálönnum hefur beðið alvarlega hnekkis og sveitarstjórnir eru þar ekki undanskildar. Margir kjósendur í sveitarstjórnarkosningum 2010 gáfu nýjum stjórnálahreyfingum atkvæði sitt eða skiluðu auðu á kjördag. Jákvæða hliðin er sá virki áhugi á samfélagsmálum sem hrúnið hefur leyst úr læðingi. Þessi þróun býður upp á ný og spennandi tækifæri fyrir lýðræðið, ekki síst í sveitarfélögum sem bera ábyrgð á nánasta umhverfi íbúa. Á landsþinginu mun Gunnar Helgi Kristinsson prófessor flytja framsögu um stöðu lýðræðisins að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Hann mun einnig fjalla um samskipti sveitarstjórna við íbúa í ljósi rannsóknar sem hann hefur unnið að undanfarin þrjú ár. Á þinginu verður einnig framsaga um endurskoðun sveitarstjórnarlaga en nefnd sem skipuð var til að endurskoða lögin hefur lagt fram tillögur sem hafa áhrif á lýðræði í sveitarfélögum, bæði um aukið íbúalýðræði og aukið aðhald með kjörnum fulltrúum og fjármálum sveitarfélaga. Einnig verður framsaga um fjármálaþing fyrir sveitarfélög, sem verið er að þróa í samvinnu ríkis og sveitarfélaga, til að stuðla að því að þau gangi í takt í hagstjórnarlegu tilliti. Fjallað verður um þjónustu við íbúa í erfiðu árferði en ein afleiðing erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélaga getur orðið sú að almenningur muni í auknum mæli gera kröfu um að rétturinn til þjónustu sveitarfélaga verði tryggður með ítarlegum lagaákvæðum. Nýr ráðherra sveitarstjórnarmála mun væntanlega ávarpa landsþingið. Fráfarandi ráðherra sveitarstjórnarmála og formaður sambandsins undirrituðu sl. haust yfirlýsingu um sameiningaráttak. Ekki liggur fyrir hvaða afstöðu hinn nýi ráðherra sveitarstjórnarmála hefur til verkefnisins en það skýrist væntanlega fyrir eða á landsþinginu.



Í hópi 1 mun fara fram umræða á grundvelli þessara framsagna og ítarefnis sem sent verður landsþingsfulltrúum fyrir þingið. Markmið umræðunnar er að fá fram vísbendingar um hver séu, að mati landsþingsfulltrúa, helstu úrlausnarefnin og tækifærin í lýðræðismálum sem vinna þurfi að á kjörtímabilinu. Velt verður upp spurningum eins og:

- Hvaða lærdóm má draga af niðurstöðum sveitarstjórnarkosninga 2010?
- Hvernig á að byggja upp traust hjá íbúum og efla virk samskipti við þá?
- Hvernig geta fulltrúalýðræðið og þáttökulýðræði unnið saman?
- Er sjálfsforræði sveitarfélaga í hættu vegna aukinna krafna íbúa um lögbundinn rétt til þjónustu?
- Hvaða áhrif hefur það á sjálfsforræði sveitarfélaga að teknar verði upp reglur um meiri aga og aðhald með fjármálum sveitarfélaga?
- Getur aukið íbúalýðræði verið þáttur í sameiningaráttaki til að greiða fyrir sameiningum í landfræðilega stórum sveitarfélögum og fjölkjarna sveitarfélögum?

Hópur 2: Hlutverk sveitarfélaga í uppbyggingu eftir hrun

Efnahagshrunið hefur knúið á um endurskoðun á stjórnkerfi landsins. Ríkisstjórnin hefur hrint af stað umbótaverkefnum í stjórnsýslu ríkisins. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna kemur fram að sveitarfélög skuli efla með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga á sviði málefna fatlaðra, aldraðra og heilbrigðisþjónustu. Gera eigi sóknaráætlanir fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar. Í yfirlýsingu kemur einnig fram að nýtt ráðuneyti sveitarstjórna-, samgöngumála og byggðaðróunar, eigi að fá aukið vægi varðandi eflingu sveitarstjórnarstigsins, sem tengist m.a. tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, auk stefnumótunar á sviði byggðaðróunar. Þessi áhersla hefur þó ekki náð fram í þeim breytingum á stjórnarráðinu sem gerðar voru í lok ágúst. Sveitarfélögin hafa fram að þessu aðeins að takmörkuðu leyti verið þátttakendur í mótun og framkvæmd byggðastefnu ríkisins sem hefur í raun verið dreifbýlisstefna þar sem höfuðborgarsvæðið hefur verið undanskilið. Í flestum öðrum Evrópulöndum er hins vegar talið lykilatriði að sveitarstjórnarstigið sé virkt í byggðað- og atvinnuþróunarmálum og það er hornsteinn byggðastefnu Evrópusambandsins. Umsókn Íslands um aðild að ESB býður því upp á tækifæri fyrir sveitarfélög í byggðamálum og vonandi verður hægt að nýta það tækifæri til umbóta á íslenskum byggðamálum, burtséð frá því hvort aðild verður eða ekki. Á hinn bóginn er ljóst að forsenda þess að sveitarfélög fái aukið hlutverk og forræði í byggðamálum er sú að þau geti unnið saman þvert á sveitarfélagamörk að uppbyggingu með heildarhagsmunum viðkomandi svæðis að leiðarljósi. Samvinnan þarf að taka til atvinnu- og byggðamála, orkumála og skipulags- og umhverfismála.

Í hópi 2 verða rædd úrlausnarefni og tækifæri sem snúa að þessu með það fyrir augum að gefa stjórn



sambandsins vísbendingar um hvert skuli stefna.

Leitað verður svara við spurningum eins og:

- Á hvern hátt á efling sveitarstjórnarstigsins að vera þáttur í uppbyggingu eftir hrun?
- Hvert á hlutverk sveitarfélaga að vera í byggðamálum og atvinnuuppbyggingu?
- Er verið að stefna í rétta átt með sóknaráætlunarverkefninu?
- Hvernig er hægt að auka samstarf og samhæfingu milli sveitarfélaga í skipulagsmálum, umhverfismálum og orkumálum?
- Er rétt að ríkisvaldið eða Alþingi taki stærri ákvarðanir sem hafa áhrif á skipulag sveitarfélaga, t.d. um samgöngur, virkjanir o.fl.?

Hópur 3: Velferðarþjónusta og rekstur í erfiðu árferði

Mörg sveitarfélög glíma nú við erfiða fjárhagsstöðu. Tekjur hafa dregist saman og útgjöld aukist. Mikill fjármagnskostnaður vegna gengishruns krónunnar og mikillar verðbólgu er við það að sliga sum sveitarfélög og útgjöld vegna félagsþjónustu hafa margfaldast hjá þeim sveitarfélögum sem hafa orðið verst fyrir barðinu á atvinnuleysinu. Almennt hafa sveitarfélögin brugðist skjótt við breyttum aðstæðum en svigrúm þeirra til niðurskurðar er misjafnt og það er ekki séð fyrir endann á erfiðri rekstrarstöðu. Ljóst er að það verður stærsta úrlausnarefni sveitarstjórnarmanna á þessu kjörtímabili að standa vörð um velferðarþjónustu við íbúa í mjög erfiðu rekstrarumhverfi. Fyrst eftir bankahrunið var mikil umræða meðal sveitarstjórnarmanna um þörf á samvinnu og samhæfðum aðgerðum, t.a.m. varðandi hagræðingu í rekstri leik- og grunnskóla. En það er ekki síður þörf á samvinnu og samstöðu núna, ekki síst í ljósi kjarasamningaviðræðna næsta vetur. Í hópi 3 verða þessi stóru úrlausnarefni rædd. Leitað verður svara við spurningum eins og:



- Hvernig verður góðri opinberri þjónustu viðhaldið í erfiðu árferði og hvað er grunnþjónusta?
- Þarf að leggja meiri áherslu á samstarf sveitarfélaga um ákvörðun þjónustustigs?
- Hvernig geta sveitarfélög eflt samstarf sitt í kjarasamnings- og hagræðingarmálum?
- Leynast fleiri hagræðingarmöguleikar í skólamálum með auknu flæði milli skólastiga, samrekstri og sameiningum skóla?

Hópur 4: Samningar við ríkið um verkefnatilflutning og fjármálaleg samskipti við ríkið

Eftir því sem sveitarfélögin annast stærri hluta af framkvæmd opinberrar þjónustu þá skipir meira máli að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu í markvissum, skipulögðum og raunsæjum farvegi. Ríkisvaldið verður að tryggja sveitarfélögum eðlilegt fjármagn til að standa undir lögbundnum og hefðbundnum verkefnum sínum. Sveitarfélögin bera aftur á móti ábyrgð á því að veita íbúunum lögskipaða þjónustu eftir því sem fyrir er mælt, af þeim gæðum sem eðlilegt er talið og á sem hagkvæmastan hátt. Verið er að vinna að fjármálareglum fyrir sveitarfélögin, svo og að hagstjórnarsamningi milli ríkis og sveitarfélaga. Með tilkomu hagstjórnarsamnings eru vonir bundnar við að formfesta og stöðugleiki aukist í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga en samstarfið fari ekki eftir áherslum ríkisstjórna hverju sinni. Mikilvægt er að sveitarfélögin í landinu vinni eftir samræmdum fjármálareglum. Fjárhagslegir erfiðleikar í einu sveitarfélagi geta haft áhrif á öll sveitarfélög landsins.

Kostnaðarmat allra stjórnvaldsákvæðana sem varða sveitarfélögin fjárhagslega er grundvallaratriði fyrir hagstjórn í landinu, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum. Óhjákvæmilegt er að hafa glögga mynd af hvaða fjárhagsleg áhrif fylgja einstökum ákvörðunum. Þetta er búið að vera baráttumál sveitarfélaga í nærri 10 ár sem er ekki ennþá komið í viðunandi horf.

Miklu máli skiptir að reglur jöfnunarsjóðsins séu þannig að fjármagn sem ætlað er til jöfnunar renni þangað sem mest þörf er fyrir það. Stjórnskipuð nefnd hefur skilað af sér hugmyndum um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Unnið er að útfærslu þeirra hugmynda.

Yfirtaka sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra felur í sér mikla ábyrgð fyrir sveitarfélögin. Þá er bæði átt við gæði og umfang þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin munu veita, svo og að kostnaður við þetta verkefni raski ekki fjárhagslegri stöðu sveitarfélaganna. Sveitarstjórnarstigið mun ekki eflast með tilflutningi



verkefna, eins og málefni fatlaðra, nema að fyrrgreind atriði gangi upp. Ljóst er að ef vel tekst til mun það auðvelda yfirfærslu fleiri verkefna til sveitarfélaganna.

Leitað verður eftir sjónarmiðum landsþingsfulltrúa til spurninga eins og:

- Hver eru helstu tækifæri og ógnanir vegna yfirfærslu málefna fatlaðra og fleiri verkefna frá ríki til sveitarfélaga?
- Hvaða áhrif hefur flutningur nýrra verkefna til sveitarfélaga á ábyrgð og sjálfstæði þeirra?
- Hvaða lærdóm má draga af yfirfærslu grunnskólans?
- Verða sveitarfélögin tilbúin að taka við málefnum fatlaðra 1. janúar nk.?
- Staða og hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eftir efnahagshrunið?
- Hvað geta sveitarfélögin lagt af mörkum til að stuðla að góðum samskiptum og samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga?
- Hvernig mun sveitarfélögum ganga að vinna eftir fjármálareglum?